

Fundargerð

4. fundur stjórnar fiskeldissjóðs

27. apríl 2021

Fundarstaður: Fjarfundur á teams

Fundarmenn: Haraldur Líndal Haraldsson, Álfheiður Ingadóttir, Kjartan Dige Baldursson og Kolbeinn Árnason.

Fundartími: 14:00-15:30

1. Fundargerðir síðustu funda, 11. mars, 26. mars og 15. apríl, voru lagðar fram og samþykktar.

2. Starfsreglur stjórnar Fiskeldissjóðs.

Farið var yfir skjal eins og því var breytt eftir fund stjórnar þann 26. mars. Nokkur atriði rædd ítarlegar, svo sem um birtingu fundargerða, birtingu framvinduskýrslna ofl.

Fulltrúum ANR falið að setja inn breytingar með það að markmiði að hægt verði að samþykkja starfsreglur á næsta fundi stjórnar.

3. Úthlutunarreglur Fiskeldissjóðs.

Farið var yfir umræður á fundi með sveitarstjórnnum.

Farið var yfir gerð „Matrixu“ að matsþáttum og hvernig hún gæti litið út.

Fulltrúum ANR falið að setja upp slíka „Matrixu“ á excel formati fyrir næsta fund. Á þeim fundi er stefnt að því að fylla inn í skjalið bæði hvað varðar efnisatriði og vægi einstakra atriða.

4. Önnur mál.

Fulltrúum ANR falið að setja saman lista yfir sveitarfélög sem falla undir skilgreiningu laganna, sbr. 1. mgr. 7. gr. „*Fiskeldissjóður er sjálfstæður opinber sjóður sem hefur það hlutverk að styrkja uppbyggingu innviða þar sem fiskeldi í sjókvíum er stundað og þar með samfélög og stoðir atvinnulífs á þeim svæðum*“

Mælaborð Fiskeldis var formlega opnað 15. apríl. Þar er að finna upplýsingar um einstakar eldisstöðvar, staðsetningar leyfi, framleiðslu etc., settar fram á skýran og skilmerkilegan hátt, m.a. í kortasjá, eftir fjörðum, landshlutum ofl.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.
Kolbeinn Árnason ritaði fundargerð.